

Stjórnarfundur Fálkaseturs Íslands

Fundarstaður: Þekkingarsetur Þingeyinga, Hafnarstétt 3, Húsavík

Dagsetning: 7. mars 2018

Fundartími: 15:00 – 16:00

Mættir: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ari Páll Pálsson, Daði Lange, Guðrún K. Aðalsteinsdóttir, Sverrir Thorstensen og Guðmundur Ögmundsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Styrkur vegna sýningar í Gljúfrastofu
2. Eftirlitsmyndavélar við fálkahreiður
3. Viðburður til minningar um Theódór
4. Aðalfundur Fálkaseturs
5. 5. Önnur mál

Fundur settur

Aðalsteinn setur fund og býður fundargesti velkomna.

1. Styrkur vegna sýningar í Gljúfrastofu

Vinir Vatnajökuls hafa veitt Fálkasetrinu og Vatnajökulsþjóðgarði styrk að upphæð 4,3 milljónir til að koma á laggirnar sýningu um fálkann í Gljúfrastofu. Ákveðið að Aðalsteinn, Ari Páll og Guðmundur myndi þriggja manna verkefnisstjórn. Verkefnisstjórn mun funda með sýningarhönnuði við fyrsta tækifæri. Aðalsteinn og Guðmundur munu jafnframt senda erindi til Náttúrufræðistofnunar með beiðni um sýningargripi.

2. Eftirlitsmyndavélar við fálkahreiður

Stjórn sammála um að Aðalsteinn, ásamt Ólafi K. Nielsen, óski eftir fundi með umhverfisráðherra og athugi möguleikann á fjárframlagi til kaupa á myndavélum til vöktunar fálkahreiðra.

3. Viðburður til minningar um Theódór

Samþykkt að efna til viðburðar á Bjarmalandi í ágúst nk. Guðrún mun hafa samband við væntanlegan leiðsögumann og ákveða dagsetningu með honum. Sunnudagurinn 12. ágúst og laugardagurinn 18. ágúst koma helst til greina.

4. Aðalfundur Fálkaseturs

Ákveðið að boða til aðalfundar Fálkaseturs þriðjudaginn 20 mars nk. kl. 15.

5. Önnur mál

Sverrir greindi frá viðtali í útvarpinu, í þættinum Samfélagið í nærmynd á Rás 1, en þar var rætt við Árna Frey Magnússon um BA-ritgerð hans um fálkabjófnað á Íslandi fyrr og síðar [sjá: <http://www.ruv.is/frett/verdmaetum-og-sjaldgaefum-falkum-raent>].

Aðasteinn sagði frá bréfi sem honum barst frá Austurríki, en bréfitari er mikil áhugamaður um íslenska fálkann og verndun hans.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 16:00.